

**Nd.**

**15. Frumvarp**

til laga um biskupskosningu.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson.

1. gr.

Biskup skal kosinn af prestum þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Rjettkjörinn biskup er sá, sem fengið hefir meiri hluta atkvæða; gefur konungur honum veitingarbrjef. Biskupsvigslu skal hann taka.

3. gr.

Nú fær enginn meiri hluta atkvæða, og veitir konungur þá embættið.

4. gr.

Nánari reglur um kosninguna setur stjórnarráðið ettir tillögum guðfræðideildar háskólans.

## Ástæður.

Biskupsstólar voru settir á Íslandi 1056 í Skálholti og 1107 á Hólum. Fram um miðja 12. öld stóðu íslensku biskuparnir undir erkibiskupum, fyrst í Hamborg og síðan í Brimum. Á þessu tímabili kaus íslenska prestastjettin biskupa sína, og stóð biskupsdómur á Íslandi þá með miklum blóma. Eftir þann tíma komu biskupsstólarnir undir erkibiskupsstólinn í Niðarósi, er stofnaður var 1154. Prándheimsbiskupar gerðust brátt ærið afskiftasamir um íslensk kirkjumál og tóku að skipa norræna biskupa á Íslandi án allrar tilhlutunar íslensku prestastjettarinnar og henni þvert um geð; magnaðist hjer af erlent ofriki, til stórtjóns fyrir íslensku kirkjuna, og stuðlaði auk þess mikið að glötun sjálfsforræðis landsins. Á öndverðri 16. öld tókust að visu upp aftur biskupskosningar af hálfu prestastjettarinnar, og helst sá síður nokkurn veginn samfleytt fram um miðja 17. öld. Gísli biskup Þorláksson á Hólum mun hafa verið síðastur biskupa á Íslandi, er kosinn var af prestum árið 1656. Eftir það voru biskuparnir skipaðir af danska valdinu. Ríki þess varð þess valdandi, að þessi síður lagðist niður fyrir fult og alt.

Meðan prestar kusu biskupa sína varð skipun biskupsembættisins aldrei neitt verulegt óánægjuæfni, en eftir það vakti hún stundum nokkra óánægju meðal landsmanna, bæði lærðra og leikra.

Skipun prestsembættanna í íslensku þjóðkirkjunni er fyrir nokkru lögð í hendur safnaðanna, og með lögum 30. júlí 1909, um vigslubiskupa, er skipun þeirra embættismanna þjóðkirkjunnar lögð undir atkvæði prestastjettarinnar. Þessi ráðbreytni löggjafarvaldsins fer beinlínis í þá átt að losa kirkjuna við tilhlutun ríkisvaldsins um skipun embætta hennar, að svo miklu leyti er samrýmst getur hinu núverandi þjóðkirkjufyrirkomulagi.

Frumvarpið fer fram á, að góður og gamall síður sje aftur upp tekinn um skipun biskupsembættisins, og virðist fátt geta mælt á móti því, en margt með því, og verður nánar bent á það í flutningi frumvarpsins í deildinni.